

Spá Þorsteins Þorsteinssonar 13. nóvember 1999



Þorsteinn Þorsteinsson aviolog eða atferlisfræðingur fugla, en það sæmdarheiti gáfu Gísli Jónsson og Sigurður Eggert Davíðsson honum.



Gísli Jónsson og Þorsteinn Þorsteinsson. Myndin er tekin í vísinda- og fuglaskoðunarferð í Svarfaðardal og er frá Baldri Dýrfjörð.



Auðnutittlingar eru miklir veðurspárfuglar. Þegar þeir syngja mikið og eru kvikir, þeytast fram og aftur, er það vísbending um ókyrrt veður og hvasst.



Hrafnar segja mikið til um komandi veður, með ólíku krunki og hátterni. Ef margir hrafnar eru saman í tré og láta þar ófriðlega er nokkuð víst að veður verður mjög slæmt bráðlega.

Á Héraðsskjalasafninu á Akureyri eru varðveittar fuglaspár Þorsteins Þorsteinssonar aviologs, frá árunum 1995 til 2001. Þorsteinn gerði vikulegar spár og fór venjulega á föstudögum og leit eftir fuglum og túlkaði það sem þeir sögðu um veðurfar komandi viku. Einnig fann hann ljóð við hæfi og kom þessu til Gísla Jónssonar, menntaskólakennara, sem prentaði upp og myndskreytti¹.

Spá Þ.Þ. laugard. 13. nóv. '99

Briktíusmessa

Fljúgðu, litli vinur, það fækkar nú um skjól,
frostin eru komin og lækkar nú sól,
þar sem litla vaggan þín var í mosató,
verður bráðum alhvítt af náköldum snjó.

(Guðmundur Guðmundsson)

Á athugunardegi flugu stórir máfar mjög hátt í lofti. Það gæti því orðið nokkuð töstugt veður um tíma í vikunni, þó inn á milli verði úrfellalaust með nokkuð spakri veðráttu, og ekki verður nein gaddnepja² eða hreggviðri.

Skógarprestir og auðnutittlingar fundu á sér einhverja breytingu á veðrinu frá því sem verið hefur, en verði hvellingasamt fyrir næstu helgi, hafa þeir ekki fundið þá veðrabreytingu, þó náíð sé nef augum.

Seimaraftur³ hafði spurnir af miklu hrafnþingi í Hörgárdal fyrir fáeinum dögum. Þar hafa eflaust verið tekin mörg mál fyrir líkt og á öðrum þingum. Þá hafa þeir líklega skipað sér niður á bæi sveitarinnar til vetrardvalar.

Fölna grös, en blikna blóm,
af björkum laufin detta.
Dauðalegum drynur óm
dröfn við fjarðar-kletta.

(Kristján Jónsson Fjallaskáld)

Skráð hefur G.J. aðalritari og trúnaðarmaður

¹ Sjá meira um efnið í sunnudagsblaði Morgunblaðsins 15. október 2000.

² Þegar vindur og frost fara saman.

³ Maður.